

HEIMIR



VI. árgangur

WINNIPEG, 1910.

8. blað.

GUÐS KÆRLEIKUR

EETIR F. W. FABER

I

Víð og stór er guðleg gæzka
geimi hafs er náð hans lík;
í hans dómum miðlar málum
miskunn hans, svo frjáls og rík.

Hvergi finnur mannsins mæða
meðaðumkun sem hinnum á,
hvergi mæta mannsins brestir
meiri líkn en guði hjá.

Þúsund hnettir þessum líkir
þar af miskunn fyndu nóg—
nóg fyrir þúsund nýja heima,
náðin guðs ei tæmdist þó.

Elskan hans er hærri, hærri
heldur en skynji andi manns;

og hans miskunn stærri, stærri
stærstu hugmynd sjáandans.

Væri ást vor eins og bæri,
orði guðs ef fylgdum beint :
dygðarstund hver dagur væri,
drottni helguð bezt og leynt.

Matth. Jochumsson

Upphaf og þroskun únítaratrúarinnar í kristnu kyrkjunni

Upphaf kristninnar, eins og upphaf allra stórra hreyfinga í heiminum, er á margan hátt óljóst og hulið í þoku. Jesús frá Nazaret finnur köllun hjá sér til að kenna, eftir að hann er búinn að kynnast Jóhannesi skírara og hans starfi. Hann safnar að sér fylgjendum, sem halda áfram að boða kenningar hans eftir að hann er fallin frá. Þessir fylgjendur eru rétttrúaðir Gyðingar, sem sjá í honum uppfyllingu vonar, sem lengi var búin að eiga sér stað hjá þjóðinni, messíasarvonarinnar. Þessir menn gátu aldrei haft nein áhrif á hugi manna utan sinnar eigin þjóðar. Með þeim hefði hreyfing Jesú smá dáið út og aldrei þekst utan Gyðingalands.

En þá kemur nýr maður til sögunnar, Páll frá Tarsus. Hann flytur kristindóminn út í heiminn, út á meðal grískumæl-
andi manna, sem vissu ekkert um hvað var að gerast á meðal Gyðingænna. Þar sem hann ekki þekkir Jesúm persónulega og kemur með sérstakar tilhneigingar og sérstaka þekkingu inn á hið nýja starfsvið sitt, verður kristindómur hans eðlilega mjög frábrugðinn kenningum Jesú sjálfs.

Hvað er það þá sem einkennir Pál og hans kristindóm? Í fyrsta lagi var hann lærður Gyðingur. Af því leiddi að hann hafði allmikið af þeirri snámunalegu nákvæmni, sem einkendi

lærdóm Gyðinga á þeim tímum. Í öðru lagi var hann nokkuð kunnugur grískri mentun og óbeinlínis undir áhrifum grískra hugmynda; hvorttveggja þetta kemur í ljós í skoðunum hans.

Trúarskoðanir Páls eftir að hann varð kristion eru margbrotnar og að ýmsu leiti fremur óskýrar. Guðshugmynd hans er aðallega hin sama og hún var alment hjá Gyðingum. En samkvæmt hans skoðun er Jesús ekki hinn þjóðlegi Messías, sem hann var í augum lærisveina sinna; hann er vera, sem stendur mitt á milli guðs og manna, guðmaður. Þessi guðmaður hefir altaf verið til frá upphafi veraldar, hann er hin fyrsta og hæðsta sköpuð vera, maðurinn er skapaður eftir honum. Þessi vera birtist í Jesú frá Nazaret, er líflátin og rís upp, til að hverfa aftur til sinna fyrri bústaða. Með því að deyja hefir hann frelsað mennina frá dauða, sem var hlutskifti þeirra, vegna þess, að þeir ekki gátu lifað samkvæmt lögmálinu. Eins og hann reis upp eiga þeir einnig að rísa upp og verða að verum líkum honum. Trú, það er traust á að hinn dáni og upprisni Jesús hafi afrekað þetta, er það sem gerir manningum mögulegt að verða sama eðlis og hann.

Þannig í fáum orðum er guðfræði Páls. Það er auðsætt að Kristur hans er allt annað en maðurinn Jesús frá Nazaret, sem vér lesum um í samstæðu guðspjöllunum. En hvert á Kristshugmynd hans rætur sínar að rekja? Til grísku heimspekinnar. Plato hafði kent að hver hlutur í hinum efnislega heimi ætti sína fyrirmynd í öðrum óskynjanlegum heimi. Þessar fyrirmyndir áleit hann að væru sí varanlegar og að hinn skynjanlegi heimur væri gerður eftir þeim. Fyrirmyndirnar eru andlegs eðlis, þær eru hugmyndir, og efnis, sem er hið lægsta í tilverunni, er þeim andstætt. Kristur Páls er í raun og veru platónsk mann-hugmynd. Hann er annars eðlis en hinn líkamlegi maður, en í hinum líkamlega manni er hinn innri eða andlegi maður, sem er sama eðlis og hann. Hinn innri og hinn ytri maður, andinn og holdið eru hvort öðru andstætt, og fullkomnunin, sem menn eiga að keppa eftir, er eyðilegging alls þess sem er eðli hins ytra manns.

Í þessum skoðunum Páls er hægt að finna grundvöll þann,

sem margar af kenningum kyrkjunnar voru síðar bygðar á. En Páll var enginn þrenningartrúarmaður. Kristur hans var ekki guð; og ekki jafn guði. Vitaskuld var mjög auðvelt að samrýma hann við aðra persónu guddómsins eftir að þrenningarkenningin var orðin til. En þar á milli er eitt stig, sem ekki verður gengið framhjá.

Fjórða-guðspjallið, sem að líkindum var skrifað snemma á annari öld byrjar með hinni svonefndu *logos*-kenningu, þ.e. kenningunni um *orðið*. Þessi kenning, er nú alment álitid, að hafi komið frá Alexandríu Gyðingunum, sem gerðu sér alt far um að sameina grísku heimspekina og gamlatestam. Höf. fjórða-guðspjallsins heldur fram að orðið, sem var til frá eilífið, hafi orðið hold í Jesú. Aftur er það platónsk hugmynd, sem hér mætir oss. Vera má að höf. byggi að nokkru leyti á skoðunum Páls, þó hann noti orðatiltæki Filós frá Alexandríu. En þrátt fyrir það er *orðið* ekki hið sama og Kristur Páls. Það er næstum ópersónuleg tilvera, einskonar kraftur, sem hefir gengið út frá guði og komið í þennan heim í Jesú, til að frelsa mannkynið frá glötun. Að trúá þessu er að frelsast, að trúá því ekki er að glatast. Þannig er kenning fjórða-guðspjallsins og Jóhannesar bréffanna þriggja, sem eru eftir sama höfund.

Kyrkjan bygði guðfræði sína aðallega á ritum Páls og fjórða-guðspjalls höfundarins í nýja-testam. Og í kenningum beggja fann hún grundvöll fyrir þrenningarkenninguna.

Frá því á dögum postulanna þar til í byrjun þriðju aldar er sagá kyrkjunnar mjög ljós. Á annari öld komst skipulag á innan kyrkjunnar og ýmsar kenningar tóku á sig ákveðna mynd. Þrenningarkenningin verður til á þessu tímabili, þó hún lengi vel sé næsta óákveðin. Jafnframt fjórða-guðspjalls kenningunni um Krist var önnur til, sem nefnd hefir verið *upphafningarkenningin*. Þeir sem henni fylgdu héldu fram að Kristur hefði upphaflega verið mannlegs eðlis, en að guð hefði eftir dauða hans hafið hann upp og gert hann sér jafnan, vegna hans óviðjafnanlegu verðleika. Þessi skoðun var í fullu samræmi við það sem trúað hafði verið áður um marga mikla menn, og var eðlilega sú skoðunin, sem fjöldinn af kristnum mönnum, er ekki

voru undir áhrifum vissra grískra heimspekiskenninga, höfðu.

Á þessu tímabili reis upp gnostíka-hreyfingin, sem um tíma varð hættulegur keppinautur kristindómsins. Prófessor Harnack kallar hreyfingu þessa ákaflega grískkendan kristindóm (akute Hellenisierung des Christentums.) Gnostíkarir reyndu að sameina kristindóminn og grísku heimspekina í skoðanakerfum, sem einatt voru full af staðlausum getgátum og öfgum. Á móti þessu börðust leiðtogar kristinnar, en um leið urðu þeir að ákveða sínar eigin kenningar betur. Auk þess áttu ofsóknirnar þátt í því að kenningarnar urðu ákveðnar. Mörg varnarrit voru samín, og gerðu höfundar þeirra sér far um að útskýra stefnu sína og innihald hinnar nýju trúar.

Fyrir og um árið 200 fara ávextirnir af innbyrðis þroska kenninga og stofnana kyrkjunnar að koma í ljós. Tertúllían, f. 150-60 er einn hinna fyrstu kristinna rithöfunda, sem heldur fram þrenningarkenningunni, þó fylgdi hann *upphafningarkenningunni* viðvíkjandi eðli Krists. Um 170 var stofnaður kristinn skóli í Alexandríu á Egyptalandi og var maður fyrir honum fyrst á þriðju öld sem Klemenx hét. Skoðanir hans voru að ýmsu leyti ekki ólíkar skoðunum gnostíka. Hann hélt fram að *ordid* hefði birst í mörgum mönnum, en að það hefði náð sínum hæsta þroska í Jesú. Origenes, f. um 180 ritaði margar bækur guðfræðislegs efnis. Hann hélt fram að *ordid* hefði birst í grísku spekingunum ekki síður en Jesú, að sonurinn hefði altaf verið föðurnum undirgefinn og annars eðlis en hann. Hann var síðar dæmdur villitrúarmaður af kyrkjunni.

Þessir og margir fleiri kristnir rithöfundar, sem uppi voru samtímis þeim lögðu mesta áherzlu á að útskýra eðli Krists og samband hans við guð. Kenningin um heilagan anda smá þroskaðist, að því er virðist, þó mjög lítið beri á henni, þar til farið var að skoða andann sem sérstaka persónu. Upprunalega hafði hann aðeins verið skoðaður sem guðlegur kraftur eða ahrif.

Þeir sem að fylgdu *upphafningarkenningunni* voru flestir í Litlu-Asíu og þaðan barst hún til Róm. Þeódótus hélt þessari kenningu fram þar um 190. Hann sagði að Kristur hefði aðeins

verið maður og hafnaði fjórða-guðspjallinu. Fyrir þessar skoðanir var hann gerður rækur úr kyrkjunni af Viktor biskupi, sem var ákafur fylgismaður annarar stefnu, sem þá var ráðandi í kyrkjunni þar. Samkvæmt þessari stefnu voru faðirinn og sonurinn ein og hin sama vera; faðirinn sjálfur þoldi kvalir á krossinum, sögðu formælendur hennar. Um all langan tíma skiftist kyrkjan í Róm í tvo flokka, en að lokum varð sá flokkurinn, sem hélt fram, að Jesús hefði verið guð, yfirsterkari, og kyrkjan var sameinuð í eina heild og varð upp frá því aðal vígi rétttrúnaðarins.

Skoðanir Þeódótusar flokksins héldust við enn um nokkurn tíma eftir að þær dóu út í Róm. Skömmu eftir miðja öldina var biskup í Antíokkíu, sem Páll hét frá Samosata. Hann kendi að guð væri einn og óskiftilegur; Jesús hefði fæðst maður en sökum yfirburða hans yfir aðra menn hefði guðlegur kraftur tekið sér bústað í honum. Hann var kærður fyrir villutrú, en gat lengi verið sig. Loks var hann samt gerður rækur úr kyrkjunni 268, og með honum hvarf stefna sú, sem hann barðist fyrir.

Eftir að Páll frá Samosata og áhangendur hans voru reknir úr kyrkjunni lá deilan um Krist niðri þar til snemma á fjórðu öld, þá byrjaði hún aftur og var háð af miklu kappi á báðar hliðar.

Í Alexandríu var biskup, sem Alexander hét, sem var mjög mótfallinn *upphafningarkeningunni* gömlu og skoðunum Orígenesar, er hann áleit að ekki hefði verið nógu nálægt rétttrúnaði kyrkjunnar. Þar var einnig maður, er Aríus hét, sem aðhlytist þá skoðun, að Jesús hefði haft mannlegt eðli, Aríus var vinsæll og átti marga fylgjendur í Alexandríu. Brátt sló í deilu með honum og Alexander. Í þessari deilu tók ungur maður Aþanasíus að nafni þátt. Hann fylgdi Alexander að málum. Deilan harðnaði, þar til allsherjar kyrkjuþing var kallað saman í Níkeu, 325, til að útkljá hana. Á Níkeuþinginu skiftust menn í þrjá flokka. Í þriðja flokknum voru þeir sem vildu koma á sættum á milli Aþanasíusar og Aríusar og fylgjenda þeirra. Fyrir þeim flokki var Evsebíus nokkur, er síðar varð

frægur fyrir kyrkjusögu sína. Aþanasíusar flokkurinn vann sigur á þinginu og trúarjátning, sem þeir héldu fram var samþykkt af öllum nema Aríusi og tveimur öðrum biskupum, sem voru umsvifalaust reknir úr kyrkjunni. Deilunni var samt ekki lokið, því margir af þeim, er höfðu samþykkt trúarjátninguna, snérust aftur til skoðana Aríusar. Hann var kallaður til baka eftir nokkurn tíma úr útlegð sinni og Aþanasíus rekinn í burt í hans stað. En þá andaðist hann snögglega og komst þá Aþanasíusar flokkurinn aftur til valda.

Það sem á milli bar í deilu þessari var hvort Kristur væri guð eða ekki. Aþanasíus og hans fylgjendur héldu fast fram að Kristur væri guð og að hann hefði ekki verið getinn, heldur hefði altaf verið til. Hann vildi fá þá skoðun viðtekna að guð sjálfur hefði komið í heiminn. Aríus aftur á móti vildi vernda eingyðistrúna. Þess vegna hélt hann fram, að Kristur væri annars eðlis en guð. Hann var getinn, var ekki skapaðar algóður, heldur varð það af frjálsum vilja. Þess vegna hafði guð hafið hann upp og gert hann hluttakandi í stjórn heimsins. Aríus neitaði ekki guddómi Krists, en hann hugsaði sér hann sem mannlega tilveru, er með fullkommun sinni hefði orðið guddómleg.

Eftirmenn Konstantínusar keisara voru ýmist fylgjendur Aþanasíusar eða Aríusar og veitt flokkunum ýmist betur eða ver eftir það. Skoðanir Aríusar náðu mikilli útbreiðslu á meðal þjóðanna, sem voru að snúast til kristinnar trúar á Balkanskaganum og þar sem nú er Þýzkaland og Frakkland. En þegar Þeódósíus mikli komst til valda 383 var fylgjendum Aríusar með lögum bannað að halda kyrkjueignum og á margan annan hátt voru þeir ofsóttir, og varð það til þess að þeir smá hurfu úr sögunni í austurhluta ríkisins.

Um það leyti sem þessi deila var í rénun byrjuðu aðrar um það hvort Kristur hefði bæði haft mannlegt eðli og guðlegt eðli eða aðeins eitt. Í Alexandríu skólanum var því haldið fram, að hið guðlega og mannlega eðli Krists hefðu blandast svo saman að úr þeim varð aðeins eitt. Í Antíókkíu var annar skóli, sem var undir áhrifum Páls frá Samosata, sem áður er getið. Þessi

skóli lagði áherzlu á að Kristur hefði haft einn vilja og einn tilgang með guði. Um þessi atriði var deilt afar lengi, og mörg kyrkjuping haldin í því skyni að útkljá þau. Loks seint á sjöundu öld lauk deilunum, og kenningin um tvöfalda náttúru Krists, mannlega og guðdómlega var viðtekin.

Upp úr skoðunum Aþanasíusar og hans fylgjenda varð til þrenningar-rétttrúnaður sá, sem síðan gildi í kyrkjunni. Þeir sem mestan þátt áttu í að útbreiða hann voru: Basel biskup frá Caesareu, Gregoríus biskup frá Nyssa og Gregoríus frá Nazíansen, sem allir voru uppi um miðja og á síðari hluta fjórðu aldar. Þeir sögðu að faðirinn, sonurinn og andinn hefðu, hver um sig, sérstakan guðdóm. Einkenni föðursins er að vera ógetinn, sonarins að vera getinn og andans að ganga út af hinu sameiginlega efni allra þriggja.

Þannig varð þrenningarkenning kyrkjunnar til smám saman og eftir langar og harðar deilur. Hún á ekkert skylt við hinn upprunalega kristindóm, en er bein afleiðing af áhrifum þeim, sem guðfræðingar kyrkjunnar urðu fyrir á annari og þriðju öld úr öðrum áttum. Saga þrenningarkenningarinnar í fornkyrkjunni hefir þýðingu fyrir skilning vörn á únítaratrúnni og uppruna hennar síðar, vegna þess að únítarar sjálfir í baráttu sinni gegn þrenningar-rétttrúnaðinum hafa margoft notað þessar sögulegu sannreyndir máli sínu til stuðnings. En um beint samband, eins og á milli orsaka og afleiðinga, er hér naumast að ræða, eins og sýnt mun verða fram á síðar.

Framhald

G. Á.

MINNI ÍSLANDS

RÆÐA EFTIR DR. GEORGE BRANDES—1900

Vér erum nú á seinni tímum oft og iðulega á það mintir, að það hefði aðeins verið af hendingu eða gleymsku, að vér héldum Íslandi árið 1814. Og alt það sem er íslenzkt þýði fornnorskt en ekki forndanskt.

Um miðja síðastliðna öld, gerðum vér alt sem vér lífsins mögulega gátum, til að sýna það og sanna, að tunga vor, þjóðmenning og bókmentir ættu beint rót sína að rekja til Íslands. Norðmenn hafa mótmælt þessu, og breitt út faðminni móti Íslendingum sem þeirra sönnu bræður.

Íslendingar ættu þó ekki að misvirða þetta við oss. Getur nokkur stærri vinátturnerki en þessar tilraunir vorar til að komast í nánara skyldleika samband við yður? Það sýnir ljóslega, hversu göfugt vér álitum það, að geta talið yður vora nánustu ættingja. Eins og flestir Íslendingar, að því sem haldið er, eiga ætt sína að rekja til norskra konunga, svo sem Haraldar Hárfagra, þannig á hin danska þjóðmenning rót sína að rekja til Íslands. Setjum nú svo að ættartalan sé skakt rakin, vér teljum það engu að síður oss til ágætis.

. Margir miklir menn eru stundum upp með sér af ímynduðu ætterni. Jafnvel Michel Angeló, sem fann ekki neitt til sín sakir hæfileika sinna, var upp með sér af skyldleika sínum við Markíann af Canossa, sem þó var hreinasti hugarburður. Hann setti í skjaldarmerki sitt hund með beini—hann átti sannarlega skilið betra skjaldarmerki—af því Canossa eftir miðalda orðmynd einni, þýddi Canis Ossa (hundsbein).

En að uppruni danskrar menningar sé af forníslenzku bergi brotinn, er áreiðanlega enginn hugarburður. Það er ekki sök þeirra, sem nú eru uppi, að á meiri hlutanum af þeim 500 árum sem Ísland hefir heyrt Danmörku til, hefir verið litið til eylands þessa með augum fjárplögsgirndarinnar. Verzlunarfrelsi á Íslandi var drepíð með einokun. Enn þann dag í dag gefur stjórnin ekki gaum hinum sanngjörnustu kröfum og óskum Íslendinga. Við viljum það ekki lengur og heimtum að fá því breytt. Á einokunartímunum gáfum vér hinni fornhelgu ágætu eyju þorsk að skjaldarmerki. Það er fyrst nú á vorum dögum að merki þessu hefir verið breytt í fálda.

Vér vitum nú að íslenzk þjóðmenning er aðalsbréf vort hjá Evrópuþjóðunum; vér getum því ekki sámdar vorrar vegna án Íslands verið. Það sem Íslendingum og Dönum ber á milli ættu þeir sameiginlega að geta jafnað með sér. Íslendingar eins og

Fareyingar eru af hreinu og ómengduðu kyni. Hvert mannsbarn með hreint og ómengað blóð í æðum hefir tilfinningu og samúð með þeim. Þeir eru að fólksfjölda til álíka og íbúar Aðalgötu og Borgargötu til samans. Berið nú saman þessar tvær fólks- tegundir!

Lítið á vesalings Danmörku á heimsupprættinum! Maður kemur naumlega auga á hana. Altaf hefir hún verið að tapa. Loksins er hún orðin svo vön við að tapa, að hún er nú sjálf farin að reyna að selja það sem enginn verður til að taka frá henni. Stórveldin köllum vér ránfugla. Bara *vér* hefðum meira af ránfuglseðlinu í oss! Veldi það sem aldrei stækkar er mjög svo hætt við að fari minkandi, unz það hverfur úr sögunni með öllu. Danska ljónið er næstum því dýrasafnsljón. Það hafa heldur aldrei verið önnur ljón í Danmörku. Í Íslenzka fálkanum er blóðið viltara. Og nú sem stendur þurfum vér á ólmleikanum að halda, það er að segja, áræði og atorkusemi. Vér þörfnumst þess meira en hinnar svonefndu blessunarríku uppfræðslu.

Einnig á Íslandi láta margir oft hugfallast. Sumir af Íslands beztu mönnum, svö sem landsins ágætasta skáld, Mattías Jochumsson, þýðari Shakespears, hefir í bréfi til mín sagt: "Hvað stoðar þetta alt saman! Vér erum of smáir og fáir!" Einnig á hinu andlega starfsviði verður maður var við þennan hugrekkisskort. Nokkrir hinna fremstu manna þjóðarinnar, svo sem Hannes Hafsteinn, leggjast alt of snemma til væðar vegna uppöfunarskorts.

Það sem því miður stendur Íslendingum mest fyrir þrifum, er það, að tilheyra svo litlu og framkvæmdasmáu ríki. En ef að þér nú viljið gera Danmörku vinveitta Íslandi, þá skulum vér taka það að oss, að gera Ísland vinveitt Danmörku. Og þá fáið þér símríta samband við Evrópu og Danmörku, sem þér svo mjög þarfnist. Smábærir yðar liggja þá ekki lengur inniluktir í myrkri allan hinn langa vetrartíma. Vér munum umbreyta hinum völdugu fossum yðar í rafmagnsljós og hreyfiafl, Þar að auki er Ísland ekki nægilega kannað ennþá. Ef að eyjan hefði verið ensk hjálenda, hver veit þá hve margar arðberandi námur

veru þegar fundnar í iðrum hennar. Vér verðum í framtíðinni að starfa í enskum anda. Þá verður einnig á ný farið að rækta skóga á Íslandi.

Ög þá liggur Njálssaga sem viðhafnarrit á hverju dönsku borði. Engin Norræn bók verðskuldar fremur að vera myndskreytt en hún! Að myndskreyta Njálssögu ætti að vera það hlutverk, sem vorir ágætustu listamenn reyndu sig á, sem hámarki snildarinnar. Þá verða nýslenzkar bókmentir lesnar jafnhliða og eins fúslega sem danskar og norskar bókmentir. Hvað sakar það þó þér séuð fámennir? Auðvitað er það, að þér eruð ekki mjög fjölmennir. Það eru fleiri sauðkindur en fólk á Íslandi. Því er einnig svo varið hér í Danmörku, aðeins dálítið á annan hátt. Þó erum vér að reyna að hreykja oss yfir yður.

Náttúrufarið hjá yður hefir alt það til að bera, sem vort tempraða land með þess tempruðu mannverur skortir: Jökulhnúfurnar með þeim mótþróa, sem aldrei klökna. Hverana, sem aldrei kólna. Eldfjöll, sem enn eru ekki útbrunnin.

Lifi sá mótþrói, sem aldrei lætur sig!

Lifi sú ástríða sem aldrei kólna!

Lifi það eldfjall, sem ennþá gýs eidi!

Lifi Ísland!

Sigtr. Ágústsson, þýddi

HNÍGNUN KATÓLSKU KYRKJUNNAR

Eftirfylgjandi grein er útdráttur úr ritgerð, sem birtist í einu helsta trúmálabladi Bandaríkjanna, The Christian Register, 24. Marz síðastl.

Nýlega er komin út bók eftir Joseph McCabe, sem nefnist "The Decay of the Church of Rome." Höf., sem er vel þekktur fræðimaður, var alinn upp í katólsku kyrkjunni og fékk prestlega mentun, en þegar hann komst að raun um hversu takmörkuð mentun sín og skoðanafrelsi var, yfirgaf hann kyrkjuna.

Katólska kyrkjan skoðar alla sér tilheyrandi, sem hafa verið skírðir og hafa rétt till að neyta altarisakramentisins Tala katólksks fólks á Frakklandi er vanalega álitin að vera 36 milljónir af 38 eða 39. Í raun og veru hefir kyrkjan ekki yfir 6 milljónir fylgjenda á Frakklandi. Þessari staðhæfingu sinni til sönnunar bendir Mr. McCabe á, hvernig kyrkjan hefir farið halloka í baráttu sinni við stjórnina.

“Síðan 1790 hafa katólkskir ekki getað komið í veg fyrir hinar háskalegustu árásir, sem kyrkjan hefir orðið fyrir. Þegar hver maður, sem hafði nokkurn snefil af verulegri trú, var hvattur til að greiða atkvæði sitt á móti þeim sem sátu að völdum, þegar stjórnámálamenn af öllum mögulegum tegundum voru velkomnir, ef þeir aðeins vildu hjálpa til að fella Combes, þá megum vér gera ráð fyrir að allir kraftar kyrkjunnar hafi verið kallaðir fram á vígvöllinn—og það var aldrei eitt augnablik að efa hver úrslitin yrðu. Þeir voru aðeins lítilfjörlegur minnihluti kjósendanna. Þjóðin sýndi að yfirgnæfandi meiri hluti hennar var ó-katólkskur. Á tíu árum fækkaði stuðningsmönnum kyrkjunnar í þinginu frá 500 niður í 80. Ríkisskólar, borgaralegt hjónaband, hjónaskilnaður og önnur “verk djöfulsins” voru samþykkt af þinginu.”

Þannig hefir frakkneski klerkalýðurinn, sem hefir háð baráttuna með allri trúmensku og hlýtt hverri skipun frá Róm, tapað í hvert sinn. Að hin stjórnámálalegu afdrif hans sýni hrörnun kyrkjunnar er viðurkent af mörgum, sem um það hafa ritað. 1893 gizkaði Taine á að tala katólkskra á Frakklandi væri ekki yfir 8 milljónir, Abbé Dessaine segir: “þeim sem velja sér kyrkjulega stöðu fækkar stórkostlega ár frá ári. Tala allra skírðra Frakka, sem enga trúarbragðalega siði rækja, væri undraverð. Í katólsku héraði með 2,300 íbúum sóttu aðeins 200 kyrkju á sunnudögum.” Í sókn, sem hafði 5000 íbúa, sóttu ekki 100 karlmenn kyrkju á sunnudögum. Biskupinn í Nantes segir: “Kristin trú hverfur dag frá degi á Frakklandi.” Burtrekstur Abbe Loisy úr kyrkjunni og aðskilnaður ríkis og kyrkju vakti miklu minni eftirtekt á Frakklandi en annarstaðar. Fylkið Burgundy hefir svo árum skiftir sent aðeins einn katólksk-

an þingmann af 27 á þing. Abbé Ceresty segir: "Af 36 milljónum katólskum má sleppa 25. 1907 flutti "Revue Catholique des Églises" sundurliðaða skýrslu um trúarbragðalegt ástand í biskupsdæminu Angoulême. Umdæmið með 35000 íbúum hefir 340 þjónandi presta; en—"til að halda messu daglega í tómrí kyrkju, án þess að útdeila sakramenti svo mánudum skiftir í einu stundum, þarf presturinn á allmiklu þreki að halda til að geta haldið áfram starfi sínu með áhuga." Í mörgum sóknum sækja engir karlmenn messurnar nema kyrkjuverðirnir og nokkrir drengir. Margir bændur vinna fyrrihluta sunnudagsins. Í sókn, sem hafði 400 íbúa var enginn til altaris á páskunum 1904. Sókn með 1600 íbúum hafði 13 altarisgöngur á páskadaginn, þar af var einn karlmaður (launaður kyrkjuvörður). Skýrslan endar með því, að aðeins 5 af 100 af karlmönnum og 25 af 100 af kvennönnum hlýði þessari hæstu skipun kyrkjunnar í öllu umdæminu. Þýðing þessara talna er ljós, þegar að því er gætt, að enginn katólskur maður má vanrækja að sækja messur eða að vera til altaris á páskum, né heldur vinna á sunnudegi, að viðlögdum kvölum eilífrar glötunar.

Á Ítalíu stendur hagur kyrkjunnar jafnvel ver. Sósíalistarirnir ráða 325000 atkvæðum, frímúrarar hafa yfir 200 stúkur og lýðveldissinnar eru fleiri en báðir þessir flokkar samanlagðir, og allir eru kyrkjunnar andstæðir. 1894 var prófessor Ernest Haeckel, svænum mótstöðumanni katólsku kyrkjunnar, send hjartnæm heillaósk á afmælisdegi sínum af ítalska mentamálaráðherranum. 1904 var fríþenkjaraping haldið í Róm. Mót-mælum páfans svaraði stjórnin með því, að lækka fargjaldið á ríkisbrautunum, opna "Collego Romano" fyrir þingið og leyfa 8000 fríþenkjurum að ganga í skrúðgöngu um strætinn. Skrifari borgarstjórans opnaði þingið. Lítil furða þó páfinn léti syngja friðþægingarmessur í öllum kyrkjum bæjarins eftir að þingið var úti. Flestir velmentaðir Ítalir eru á móti kyrkjunnar. "Hin meinþrönga kraftaverkatrú Vatíkansins, sem er haldið fram með strangleika og ruddaskap miðaldanna af einföldum páfa, er fyrirlitin af þeim og lesendum þeirra—þeir hafa flest upplýst fólk í landinu á sína hlið og brosa að hinu mikla fylgi Vatíkans-

ins á meðal bænda, kvenfólks og barna. Katólska kyrkjan hefir tapað að minsta kosti einum fimta hluta fylgjenda sinna á Ítalíu, og það á meðal mentaðasta og mest hugsandi hluta þjóðarinnar.

Þegar katólska kyrkjan telur 20 milljónir áhengendur í Bandaríkjunum, telur hún með alla, sem hún hefir tapað. Fjölgunin stafar eingöngu af fólksflutningum. Þegar Luzerne minnismerkið var sent páfanum 1891 af katólskum leikmönnum í Bandaríkjunum, fylgdi sú staðhæfing, að 26 milljónir afkomenda katólskra foreldra væru í Bandaríkjunum, og að af þeim hefðu 16 milljónir horfið frá trúnni. Meira en helmingur þeirra, sem af katólskum ættum eru, hafa snúist og orðið mótmælendur. Wahlburg, katólskur prestur í Cincinnati segir, að af 5 milljónum þýzkra innflytjenda, og afkomenda þeirra, hafi aðeins hálfönnur milljón haldið áfram að tilheyra kyrkjunni. Og á meðal Íra er fráhrarf jafnvel almennara. Mr. McCabe ályktar eftir mjög nákvæma rannsókn, að tala katólskra manna í Bandaríkjunum fari ekki fram úr 9 milljónum, þar sem hún samkvæmt eðlilegri fólksfjölgun og innflytjendatali ætti að vera 23 milljónir. Tap kyrjunnar á síðustu öld má þess vegna reikna um 14 milljónir.

Skýrslur þessar sýna, að hið verulega ástand katólsku kyrkjunnar, bæði í Ameríku og Evrópu, er alt annað en kyrkjan sjálf vill kannast við, eða menn í fljótu bragði gera sér grein fyrir. Eitthvað líkt þessu, þó í smærri stíl sé, mun eiga sér stað í öðrum orþódoxum kyrkjum, og mætti benda á lútersku kyrkjuna með sínar 12 milljónir, samkvæmt staðhæfingum kyrkjufélagsforsetans íslenzka, í sambandi við það.



MÓNISMINN

Mónisminn svo nefndi verður yfirleitt ekki skoðaður sem nokkurt eitt heimspekisskoðanakerfi í þess orðs rétta skilningi. Hann er skoðun á tilverunni, sem hægt er að byggja margar mismunandi heimspekiskenningar á; og í raun og veru eru til margar heimspekiskenningar, sem eru mjög ólíkar hver annari, en sem, þrátt fyrir það, geta allar kallast mónísmi, vegna þess að samkvæmt þeim öllum er tilveran í insta eðli sínu eining, sem allir hlutir eiga að lokum rætur sínar að rekja til.

Það má skifta mónísmannum í þrjár tegundir samkvæmt útskýringum þeim á tilverunni, sem hann hefir að bjóða. Í fyrsta lagi er til hugsjálegur mónísmi. Samkvæmt honum er hugsun eða sál dýpsti virkileikinn í heiminum. Efnid er til aðeins sem framleiðsla eða skapaður hugsunarinnar. Í öðru lagi er til efnislegur mónísmi. Samkvæmt honum er það efni, sem er hinn dýpsti virkileiki tilverunnar. Hugsun og sál eru ekki til nema sem óendanlega smáar og margbrotnar hreyfingar efnislegra ódeila í heila og taugakerfi mannsins; og heimurinn er vél, sem hreyfist samkvæmt ósjálfráðum innri lögum. Og í þriðja lagi er til mónísmi, sem gerir hvorki efni né sál að hinum dýpsta virkileika, heldur gerir ráð fyrir að vér getum alls ekki skynjað hann; hann sé eitthvað, sem efni og sál sé tvær óaðskiljanlegar hliðar á, eða að í honum sé sál og efni svo algerlega blandað saman, ef svo mætti að orði komast, að vérða í raun og veru eitt og hið sama.

Mónísminn er vanalega álitinn að hafa byrjað með Spinoza*, en í raun réttir er hann miklu eldri. Hann finst í heimspeki Forn-Grikkja fyrir daga Sókratesar og Platós. Elea-heimspek-ingarnir,** sérstaklega Parmenides, voru mónistar. Náttúrlega

*Spinoza var fæddur 1632 á Hollandi og varð frægur fyrir heimspekiskenningar sínar.

**Nafnid er dregid af bænum Elea á Suður-Ítalíu, þar sem þessir heimspek-ingar áttu heima. Parmenides var uppi á 6 öld f.k.

var mónismi Parmenídesar næsta ólíkur mónisma nútímans. Samkvæmt honum er öll breyting sjónhverfing. Þessi kenning mætti megnri mótspyrnu frá Heraklitos og hans fylgjendum* Nútíðar mónísminn byrjar með Spinoza. Aðal kenningin í heimspeki hans er, að til sé ein ótakmörkuð undirstaða allra hluta, sem alheiminn mynda, sem ekki er skynjuð. Þessi undirstaða eða kjarni hlutanna hefir tvo fyrstu eiginleika, sem hann nefnir stærð og hugsun. Eiginleikar þessir birtast í óteljandi háttum. Kenningar Spinoza eru frumspekilegar, og skoðaðar frá sjónarmiði reynzluþekkingar byggjast þær á hugmyndum, sem liggja fyrir utan allar vísindalegar sannanir. Síðan breytiþróunar-kenningin og hinar undraverðu framfarir í þekkingu manna á hinni lífrænu náttúru ruddu sér til rúms, hafa hugsunaraðferðirnar, breytt mjög í heimspekinni. Í stað þess að byrja á frumkenningu um eðli heildarinnar og enda á hinu sérstaka, er nú vanalega byrjað með reynzluþekkingu á hinum sérstöku myndum sálarlífs og efnis, og út frá henni reynt að komast að samtengjandi skoðun á heildinni. Heimspekisskoðanir verða eðlilega altaf að ná lengra en reynzluþekkingin; í þeim er altaf tilgátur að finna, sem ekki verða sannaðar vísindalega. Þesskonar tilgátur er að finna í mónismanum, hann er ekki heimspeki, sem er takmörkuð við raungæfa þekkingu eingöngu, að hinum efnisbyggjulegasta mónisma máské undanteknum. Það er þetta sem aðskilur mónísmann og óvissuhyggjuna (agnosticism) sem setur sitt "óþekkkjanlega" þar sem vísindin ná ekki lengra. Hugsjállegur mónismi þarf jafnvel ekki að byrja með raungæfri þekkingu, nema að svo miklu leyti sem nauðsynlegt er vegna samræmis við rannsóknarandann, sem nú er alstaðar ráðandi. Síðan Spinoza var uppi hafa margir mestu heimspekingar verið mónistar. Heimspeki sú, sem byrjaði með þjóðverjanum Hegel fyrir héraumbil 100 árum, og sem á ennþá marga fylgjendur, er strangt til tekið mónismi, vegna þess að aðalkenning hennar um takmarkaleysi, samræmi og fullkonnun tilverunnar

*Heraklitos hélt þeirri skoðun fram að allir hlutir væru sífellt að breytast. Hann líkti tilverunni við streymandi vatn.

felur í sér *einingu* hennar. Þó er það fyrst á síðari hluta síðustu aldar að mónísminu verður að heimspekisstefnu.

Aðal-markmið mónísmans er að finna einingu í tilverunni. Og flestir, sem nú nefna sig mónísta leitast við að finna tilveru-eininguna með rannsóknaraðferðinni, nefnilega að byggja ályktanirnar á sannreyndum. Samkvæmt eftirtekt hinnar almennu skynsemi er tilveran óendanlega skift. En þó er engin skifting eins gagngerð frá sjónarmiði hinnar almennu skynsemi og skiftingin á milli sálar og líkama. Margskonar kenningar um alheimstvenningu (dualismus) hafa verið bygðar á henni. Mónístarir sýna fram á, með aðstoð sálarfræðinnar, að skiftingin á milli sálar og líkama sé alls ekki eins gagngerð og hin almenna skynsemi ályktar. Sambandið, sem er þar á milli, er með öllu óskiljanlegt, ef um tvent með algerlega ólíku edli er að ræða. Alt það sem fram fer í sálarlífinu er samfara hreyfingum og sveiflum í heilanum og taugakerfinu, og, að því er virðist, undir þeim komið. Ef sálin er eitthvað annað en líkaminn, þá getur hún ekki verið sömu lögum háð og hann. Ennfremur sannar kraftaviðhaldslögmálið, sem nú er viðtekið í vísindunum, að hver líkamleg hreyfing verður að orsakast af líkamlegum krafti. Það gerir yfirráð allra krafta, sem eru annars eðlis, yfir nokkrum hluta hinnar líkamlegu starfsemi, alveg ómöguleg. Á sama hátt yrði alt það sem fram fer í sálarlífinu að hafa orsök af sinni eigin tegund, ef það væri annars eðlis en starfsemi heilans og taugakerfisins. Eina útskýringin, sem er í samræmi við sannreyndir sálarfræðinnar, er að sál og líkami sé tvö mismunandi útlit sama virkileikans; eða eins og danski heimspekingurinn, prófessor Harald Höfðing kemst einhverstaðar að orði: "þau eru það sama sagt á tveimur málum." Þannig reyna mónístarir að brúa djúpið, sem virðist vera á milli hins sálarlega og hins líkamlega. Skiftingin á sér stað aðeins í skynjun vorri; ef vér gætum séð dýpra en hún leyfir, þá mundum vér komast að raun um, að undir niðri er einingu að finna.

Eðlisfræðingarnir og efnafræðingarnir fást við útskýringu kraftarins og efnisins. Í báðum þessum fræðigreinum er leitast við að finna í hinni óendanlegu sundurgreiningu nokkur

meginöfl og frumefni. Efnafræðinni hefir tekist að finna, að milli 70 og 80 frumefni mynda það sem ennþá er þekt af hinum efnislega heimi. Það virðist ekki ómögulegt, og er ætlun sumra efnafræðinga, að takast muni, að fækka frumefnunum, með því að sanna, að sum af þeim, sem nú eru þekt, sé samsetningar. Það er jafnvel ekki óhugsandi að einhvern tíma sannist að alt efni sé aðeins eitt frumefni í mismunandi myndum. Vér sjáum óteljandi krafta í náttúrunni, en vísindin kenna, að margt af þeim kröftum, sem virðast algerlega ólíkir eru í raun og veru náskildir og orsaka hver annan. Alt líf á jörðinni á sólarljósinu tilveru sína að þakka, og það berst frá sólunni til jarðarinnar með ljósvakasveiflum. Ljósvakasveiflurnar og titringur ódeilanna, sem enginn getur séð, eru nauðsynleg skilyrði fyrir öllum náttúruöflum. Er ekki hugsanlegt að einhvern tíma í framtíðinni sannist, að öll hreyfing í heiminum stafi af einni og sömu orsök. ?

Þetta tvent, hreyfing og efni, getur ekki verið til hvert án annars. Efni, sem engin hreyfing væri í, væri alt annað en efni er, eins og vér þekkjum það. Og hreyfingin gæti ekki verið til án efnis, vegna þess að hún þarf eitthvað til að berast eftir. Tómt rúm er þessvegna hvergi til. Efni og kraftur eru alstaðar til í heiminum ; það er áreiðanlegt, að þar sem stöðug gagnverkun efnis og kraftar væri ekki fyrir hendi, þar gæti engin lífræn náttúra verið til.

Hin almenna skynsemi gerir sér grein fyrir heiminum sem afleiðingu orsakar, er sé honum fráskilin. Náttúrulögmálið virðist benda á tilgang, og það sannar tilveru skynsemi og máttar utan við heiminn sem stjórnar þessu náttúrulögmáli. Þessi útskýring er í raun og veru ekkert nema samlíking. Mannleg starfsemi er gerð að mælikvarða, sem alheimurinn er mældur á. Alheimurinn getur verið bæði orsök og afleiðing í einu. Að segja að hann hljóti að hafa orsök er engin útskýring. Það má þá gera ráð fyrir, að sú orsök hafi orsök og svo áfram *ad infinitum*. Í stað þess halda mónistarnir fram, að

alheimurinn verði að skoðast sem ein sjálfsköpuð heild, sem á einhvern hátt innibindur í sér allar orsakir og afleiðingar.

Á milli hinnar lífrænu og ólífrænu náttúru er djúp, sem ýmsir hafa ætlað að skifti tilverunni í tvent. Ef mónísminn er réttur, þá verða þessir tveir hlutar að vera sameinaðir á einhvern hátt. Lífið verður að vera til í hinn ólífrænu náttúru líka, á einhverju örslágu stigi. Vitaskuld er hér aðeins um tilgátur að ræða, en tilgátur eru ekki aðeins leyfilegar heldur óhjákvæmilegar.

Eins og bent hefir verið á, er mónísminn ekki ein sérstök heimsskoðun. Mónístarirnir sjálfir geta gert, og gera sér afar ólíka grein fyrir tilverunni. Í raun og veru eru allir mónistar, sem enda hugleiðingar sínar um alheiminn með þeirri tilgátu, að hann sé *einig*, skiftingin og margbreytnin sé mannlegri skynjun samfara en ekki samgróin eðli tilverunnar frá rótum.

Mónísminn, eins og hann er að finna hjá nútíðar heimspökungum er vanalega, af þeirri tegund, sem nefnd er samruninn (concrete) mónísmi. Samkvæmt honum er efni, sál, kraftur og hvað annað jafn virkilegt, og rennur að síðustu saman í heild, sem í sjálfu sér er óþekktanleg.

Vísindamenn, líkt og þjóðverjinn Haeckel, leggja oft mesta áherzluna á hið efnislega, aftur á móti eru aðrir til, sem draga aðrar hliðar, sál eða kraft meira fram. Samt sem áður getur nafnið tilheyrt öllum, sem trúá á eitt eðli alheimsins.

G. A.

SPURNING

Eg var staddur hérna um daginn út í Central Park með einum góðkunningja mínum. Þessi kunningi minn er sítalandi um pólitik, skáldskap og félagsfræði. Hann hefir besta traust á sjálfum sér og dómur hans eru kveðnir upp með jafn mikilli vissu um að þeir séu réttir, eins og hann væri George Brandes, eða einhver hans líki. Hann er í álitu í "flokknum" og hefir komist svo hátt að gegna allmikilsverðu starfi fyrir stjórnina. Í þetta

sinn vorum við að tala um íslenzkan skáldskap, og birti hann óspart dóma sína um skáldin. Þar kom ræðunni að eg benti honum á kvæði eftir eitt hið bezta íslenzkt skáld er nú er uppi, sárbeitt ádeilu kvæði. Nei, það hafði hann aldrei heyrt, og hefir það þó verið tvíprentað, ef ekki oftar. Hann bað mig að hafa það yfir, ef eg kynni. Jú, eg sagðist skildi gjöra það. Og svo las eg 2-3 crindi. "Ljómandi," "ágætt"! sagði hann, en með róm sem líktist því hann væri að dylja geispa.

Rétt í því komu tvö börn og settust á bekkinn. Þau höfðu "leist" frá Eaton er þau höfðu keypt, og fóru að skoða gersemarnar er í honum voru. Eg hélt áfram lestrinum. Allt í einu hrökk kunningi minn við, sneri sér frá mér og hrópaði: "Æ hvað er þetta"? Mér varð litiðvið. Annað barnið dró upp úr sokknum gorkúlu, náttúrlega úr þjátri, og á fótum eins og borð, og á gorkúlunni sat skítafluga, sem mátti færa til eins og hún skriði eftir gorkúlunni. Var það gert með hreyfistöng. Kunningi minn varð niður sokkinn í að skoða þetta, og heyrði ei þó eg talaði til hans. Ég hætti því að þylja kvæðið og gekk burt. Hann tók ei eftir því, svo var hann hugfanginn af skítaflugunni á gorkúlunni.

Eg er svo ungur í þessu landi. Aðeins tvö ár síðan eg kom hingað. Mig langar því að spyrja þig, sem hefir reynzluna hér, er mikið af svona fólki hér, sem hefur svona fegurðar tilfinning, og er svona hugsandi?

Anonymus

SAGAN AF MUHAMMAD DIN

EFTIR RUDYARD KIPLING

Tréknötturinn var gamall, hrufóttur, flísaður og barinn. Hann lá á arinhillunni innanum pípuleggina, sem Imam Din var að hreinsa fyrir mig.

"Will sá himinborni ekki missa þennan knött?" sagði Imam Din með lotningu.

Sá hi-minborni kærði sig ekkert um hann sérstaklega ; en hvað gat hann ætlað að gera með knöttinn ?

“Með yðar háæruverðuga leyfi, ég á lítinn son. Hann hefir séð knöttinn og langar til að leika með hann. Eg girnist hann ekki fyrir sjálfan mig.”

Enginn mundi láta sér detta í hug að bera á gamla, feita Imam Din, að hann langaði til að leika sér að knöttum. Hann bar knatt-ræfilinn út á svalirnar; og strax heyrðist hvirfilbilur af kátínuskríkjum, smáir fótaskellir og dynkir af knettinum, sem var velt eftir flötinni. Litli sonurinn hafði auðsjáanlega beðið fyrir utan, til að ná í dýrgripinn. En hvernig hafði hann getað séð knöttinn ?

Daginn eftir kom ég heim af skrifstofunni hálfri stundu fyrir en vanalega. Eg varð var við smáfaxinn mann í borðstofunni. svólitinn þriflegan hnokka í hlægilega lítilli skyrtu, sem huldi hann ekki hálfan. Hann labbaði um í stofunni, með þumal-fingurinn í munninum, raulandi í hálfum hljóðum og virti fyrir sér myndirnar. Þetta var efalaust “litli sonurinn.”

Hann hafði auðvitað farið í óleyfi inn í stofuna; en hann var svo sokkinn ofan í uppgötvanir sínar að hann tók ekkert eftir mér í dyrunum. Eg gekk inn í stofuna, og honum varð svo bilt við, að hann nærri því fékk flog. Hann settist niður á gólfid með öndina í hálsinum, glenti upp augun og munninn. Eg vissi á hverju var von og flúði. Þá kom langt og mikið öskur, sem barst til þjónanna fyrir en nokkur skipun frá mér hafði nokkurn tíma gert. Eftir tíu sekúndur var Imam Din kominn í stofuna. Næst heyrðist ákaft grátsnökt, og ég snéri til baka og fann Imam Din, er var að gefa litla syndaranum föðurlegar áminningar; hann notaði mestan hluta skyrtunnar fyrir vasaklút.

“Þessi drengur,” sagði Imam Din, með spekingssvip, er *budmash*. “Hann kemst efalaust í fangelsi fyrir framferði sitt” Aftur kom öskur frá syndaranum, og löng afsökun til mín frá Imam Din.

“Segðu barninu,” sagði ég, “að *sahib*-inn sé ekki reiður, og farðu burtu með það.” Imam Din færði afbrotamanninum, sem hafði skyrtuna í einni bendu um hálsinn, fyrirgefningu.

mína; og óhljóðin urðu að stunum. Hann færði sig nær dyrunum. "Nafn hans" sagði Imam Din—eins og að nafnið væri hluti af afbrotinu—"er Muhammad Din, og hann er *budmash*." Muhammad Din, sem var nú laus úr allri hættu, snéri sér við í örmum föður síns og sagði alvarlega: "Það er satt að ég heiti Muhammad Din, *tahib*, en ég er ekki *budmash*—ég er maður."

Frá þessum degi byrjaði kunningskapur minn við Muhammad Din. Hann kom aldrei frammar inn í borðstofuna mína; en í garðinum heilsuðumst við með mikilli viðhöfn, þó samtalið væri takmarkað við: "Talaam talib," á hans hlið, og "Salaam Muhammad Din," á mína. Á hverjum degi, þegar ég kom af skrifstofunni, kom litla hvíta skyrtan of þriflegi búkurinn á Muhammad Din út úr skugga laufþaktrar girðingar, þar sem hann hafði verið falinn; og á hverjum degi stöðvaði ég hestinn þar, til að kveðjunni skyldi ekki vera kastað í hugsunarleysi.

Muhammad Din hafði aldrei neina leikbræður. Hann hljóp fram og aftur um garðinn, innan um runnana, í óskiljanlegum erindagjörðum. Einn dag rakst ég á eitt af handaverkum hans niðri í garðinum. Hann hafði grafið knöttinn til hálfis í moldina og stungið sex visnum laufblöðum hringin í kringum. Fyrir utan hringinn var ferhyrningur úr múrsteina brotum og glerjum á víxl; utan um alt var ofurlítill moldarveggur. Vatnsberinn, sem stóð við brunninn tók málstað litla byggingameistarans, sagði, að þetta væri aðeins barnalaikur og skemdi ekki garðinn.

Hamingjan veit, að ég hafði ekki í huga að snerta verk barnsins þá eða síðar; en um kvöldið þegar ég var að ganga um garðinn, gekk ég óvart yfir það. Áður en ég vissi af, hafði ég troðið moldarvegginn, lafin og glerbrotin niður og eyðilagt alt saman. Næsta morgun fann ég Muhammad Din grátandi yfir skaðanum, sem ég hafði gert. Einhver hafði sagt honum að *sahib*-inn væri mjög reiður við hann, fyrir að skemma garðinn, og hefði fleygt ruslinu hans í burtu og brúkað ill orð á meðan. Muhammad Din reyndi að eyða öllum ummerkjum, og hann var hnugginn og skömmustulegur á svipinn er hann sagði: "*Talaam tahib*," þegar ég kom heim af skrifstofunni. Fljót rannsókn í

málinu endaði á því, að Imam Din sagði honum, að með sérstöku leyfi mínu mætti hann leika sér eins og honum þóknast. Þetta hughreysti hann svo, að hann byrjaði að marka út grundvöll fyrir byggingu, sem átti að bera langt af þeirri fyrri. Mánudum saman veltist þessi feiti litli sérvitringur eftir sinni lítilmótlegu braut innan um runnana og í moldinni; altaf var hann að byggja stórhallir úr visnum blómum, sem hafði verið fleygt, sléttum smásteinum, glerbrotum og fjöðrum, sem hann, býst ég við, reytti af hænsnunum mínum—altaf einn og altaf raulandi.

Einn dag var falleg, dröfnótt skel skilin eftir við síðustu bygginguna hans; og ég bjóst við að Muhammad Din mundi nú byggja eitthvað óvanalega stórt og fagurt. Og það varð líka. Hann hugsaði sig um nærri því heilan klukkutíma, og raulið varð að gleðisöng. Svo fór hann að marka fyrir í moldinni. Það hefði vissulega orðið stórkostleg höll þetta, því grunnurinn var tveggja álna langur og álmar breiður. En höllin varð aldrei fullgerð.

Næsta dag var enginn Muhammad Din í garðinum og ekkert "*Talaam talib*" til að bjóða mig velkominn. Eg var orðin vanur við það og kunni illa við að heyra það ekki. Daginn eftir sagði Imam Din mér, að barnið væri dálítið veikt af hitasótt og þyrfti að fá kínín. Það fékk meðalið og enskan læknir.

"Þeir hafa ekkert þol þessir krakkar," sagði læknirinn um leið og hann fór.

Viku seinna, þó ég hefði viljað gefa mikið til að koma í veg fyrir það, mætti ég Imam Din, með einum vini sínum, á leiðinni til Múhamedstrúarmanna grafreitsins, og hann bar, vafið innan í hvítan dúk, alt sem eftir var af litla Muhammad Din.



MOLAR

Saga framþróunarinnar er saga sigurs yfir erfiðleikum, er virðast óyfirstigalegir. Maðurinn er maður vegna þess að hann hefir altaf verið að gera hið ómögulega—eða það sem hugleysi og heimsku sýnist ómögulegt.—*H. E. Simonds*

Að lifa er ekki í því innifalið að njóta dagsins og gleyma er nóttinn kemur; heldur í því að hafa vakandi samvizku, óeigin-gjarnt hjartalag, gjöfula hönd, huga sem stöðugt leitar sann-leikans.—*Martineu*

Maðurinn er frjáls í hlutfalli við sinn eigin mátt og siðferð- islegt val. Fastastjarnan, en ekki ljómandi halastjarna eða glóandi vígahnöttur, er ímynd hins sannasta frjálsræðis.—*Celia Parker Woolley.*

Einn dapran og leiðinlegan dag, þegar dimmt var í lofti og yfir sál minni, og kraftarnir þrotnir, spurði ég hryggur: “Mun ég nokkurn tíma verða ungur og hraustur aftur?” Svarið kom líkt og hugljúf og hvetjandi innri rödd: “Eg skal aldrei verða öðruvísi en ungur og hraustur.” Hvað gat eitt fjúkandi ský breytt hinum eilífu fyrirheitun guðsbarns og erfingja?—*Charles A. Ames.*

HEIMIR

12 blöð á ári, 24 bls. í hvert sinn, auk kápu og auglýsinga.
Kostar **einn dollar** um árið. Borgist fyrirfram.

Gefin út af hinu Íslenska Únítaríska Kyrkjufelagi í Vesturheimi.

ÚTGÁFUFÉND:

Rögnv. Pétursson

Hannes Pétursson

G. J. Goodmundson

Guðm. Arnason

Friðrik Sveinsson

Gísli Jónsson

Bréf og annað innihaldi blaðsins viðskjandi sendist til Guðm. Arnassonar, 577 Sher-
brooke St. Peninga sendingar sendist til Hannesar Péturssonar, Union Bank,
577 Sargent Avenue.

THE ANDERSON CO., PRINTERS